

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1541*  
*komudagur 11.2.2013*

Efnahags- og viðskiptanefnd

11.2.2013

Mál 93. og 94. – frumvörp til laga um bókhald og ársreikninga

1. Hjalagt í viðhengi er erindi frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu með athugasemd sem snýr að heimild til að hafa texta ársreikninga á dönsku eða ensku. Efnahags- og viðskiptanefnd óskar eftir viðbrögðum atvinnuvegaráðuneytis vegna þessa og tillögu að úrbættum.

Lagt er til í frumvarpi um breytingu á lögum nr. 145/1994, um bókhald og í frumvarpi um breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, að heimilað verði þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, og þá helst þegar um erlenda eignaraðild eða stjórnaraðild er að ræða, að hafa texta ársreiknings á dönsku eða ensku.

Vaxandi tilhneiging félaga til að hafa texta ársreiknings á ensku kemur einkum til af því að um erlenda eignaraðild og/eða stjórnaraðild er að ræða. Því fylgir aukakostnaður að þurfa að láta þýða texta ársreiknings á íslensku aðeins vegna þess að það ber að birta hann opinberlega með framlagningu hans hjá ársreikningaskrá. Því eru lagðar til breytingar á ákvæði um texta bókhaldsbóka og ársreikninga. Þegar heimilað var á árinu 2002 að félög gætu fengið að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðlum var jafnframt heimilað að þau ein mættu víkja frá því að texti bókhaldsbóka og ársreikninga væri á íslensku. Textinn mátti vera á dönsku eða ensku auk þess sem þau máttu hafa bókhaldsgögn sín erlendis vegna færslu bókhalds í allt að sex mánuði, en skylt var að flytja þau heim fyrr ef eftirlitsaðilar krefðust aðgangs að þeim. Reynsla sýnir að fjöldi félaga hefur ársreikninga sína á ensku þrátt fyrir að vera með reikningsskilin í íslenskum krónum og ekkert samband er á milli þess að færa bókhaldið í erlendum eða innlendum gjaldmiðli og texta bókhaldsins eða færslu bókhalds héraðs eða erlendis. Er því lagt til í þessu frumvarpi að gera það að almennri heimild að texti bókhaldsbóka og ársreikninga og staðsetning bókhaldsgagna geti verið erlendis í allt að sex mánuði og ekki bundin við færslu þess í erlendum gjaldmiðli. Benda má á að rafrænt fært bókhald er að verða algengara og er þá alltaf óheftur aðgangur að rafrænum bókhaldsgögnum án tillits til hvar bókhald er vistað í heiminum. Tekið er þó fram að það verði að vera eðlilegar forsendur fyrir þessum frávikum, t.d. að um erlenda eignaraðild sé að ræða svo og stjórnaraðild erlendra manna þegar textinn er ekki á íslensku.

Í umsögnum um frumvarpið kom fram hjá Kauphöllinni að hún styður þá breytingu sem lögð er til í 3. gr. frumvarpsins að veitt sé heimild þegar sérstakar aðstæður eru

fyrir hendi, t.d. vegna erlends eignarhalds eða erlendra stjórnarmanna, að hafa texta ársreiknings á dönsku eða ensku. Telur Kauphöllin umrædda breytingu eðlilega þegar horft er til þess að mikil aukning hefur verið á því undanfarin ár að erlendir einstaklingar og lögaðilar komi með virkum hætti að rekstri íslenskra fyrirtækja.

Þá tekur Viðskiptaráð Íslands undir mikilvægi þess að heimila fyrirtækjum, sem ekki færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðlum, að hafa texta ársreikninga á ensku eða dönsku. Í 1. og 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um slíka heimild en aðeins ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þrátt fyrir að þær ástæður séu ekki tæmandi taldar í frumvarpinu mætti kveða á um í texta greinargerðarinnar að ársreikningaskrá veiti frekari leiðbeiningar á þessu sviði og birti þær á vefsíðu RSK. Þar undir þyrftu t.a.m. að falla fyrirtæki í starfsemi sem krefst reglubundinna erlendra greiðslutrygginga hjá alþjóðlegum fyrirtækjum á því sviði. Slík fyrirtæki byggja ákvarðanir sínar um veitingu trygginga að miklu leyti á ársreikningum hinna íslensku fyrirtækja og það væri mikill þægindarauki ef þeim væri gert kleift að skila ársreikningum sínum á ensku til ársreikningaskrár.

Ráðuneytið lagði fram breytingu á 10. og 25. gr. laga um bókhald og 7. gr. laga um ársreikninga í ljósi framangreints. Telji mennta- og menningarmálaráðuneytið greinarnar ekki samræmast íslenskri málstefnu gerir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið ekki athugasemd við að greinarnar falli niður í frumvörpunum.

2. Á fundi nefndarinnar kom Skúli Jónsson hjá ríkisskattsjóra ákveðna hugmynd við skráningu hluthafa í tengslum við ársreikninga ( sjá tölvupóst hans til nefndarinnar hér í viðhengi. Efnahags- og viðskiptanefnda hefur óskað eftir að ráðuneyti skoði þessa hugmynd ásamt Skúla og nefndarritara og hvort að hægt sé að útfæra hana í frumvarpinu og komi mögulega með tillögu að breytingu.

Ráðuneytið telur hagræðingu í því að þeir sem skila ársreikningum til ársreikningaskrár geti óskað eftir því að gögnin sem þeir hafi nú þegar sent til RSK í gegnum hlutafjármiða séu send til ársreikningaskrár og þurfi því ekki að vinna sömu vinnuna tvisvar. Meðfylgjandi er tillaga að orðalagi 7. gr. frumvarpsins.

3.mgr. orðast svo:

Í hlutafélögum og einkahlutafélögum skal upplýst um fjölda hluthafa í upphafi og lok reikningsárs. Þá skal upplýsa um að lágmarki tíu stærstu hluthafa eða alla ef hluthafar eru færri en tíu, og hundraðshluta hlutafjár þeirra í lok ársins. Við útreikning þennan telst samstæða einn aðili. Ef atkvæðahlutdeild er mismunandi miðað við fjárhæð hluta skal gera grein atkvæðahlutdeild þeirra tíu hluthafa **að lágmarki** sem fara með stærstu atkvæðahlutdeild í félaginu í lok árs. Hafi orðið breytingar á atkvæðahlutdeild á reikningsárinu skal þeirra getið sérstaklega. Þá skal fylgja með skýrslu stjórnar skrá um alla hluthafa í stafrófsröð ásamt upplýsingum um hlutafjáreign hvers þeirra **og hundraðshluta hlutafjár í árslok. Ársreikningaskrá skal gera félögum kleift, við rafræn skil á ársreikningum, að nota áður innsendar upplýsingar til ríkisskattstjóra um hlutahafa í félaginu til að útbúa þann lista.**

3. Meðfylgjandi eru viðbótar athugasemdir frá FLE.

Einnig er óskað afstöðu ráðuneytisins fyrir lok þessarar viku ef kostur er.

Ráðuneytið hefur skoðað athugasemdirnar frá FLE og tekur undir tillögu að breytingu á 11. gr. frumvarpsins og telur hana til bóta. Þetta þýðir að þau félög sem ekki er skylt að kjósi sér endurskoðanda til að endurskoða ársreikninga sína geta þó valið endurskoðanda, endurskoðunarfyrtæki eða skoðunarmenn til að yfirfara eða endurskoða ársreikninga sína.

*11 grein frumvarps:*

*Aðalfundur eða almennur félagsfundur félaga sem ekki er skylt að kjósa endurskoðanda samkvæmt lögum þessum eða samþykktum sínum skal kjósa einn eða fleiri skoðunarmenn ársreikninga.*

**TILLAGA FLE UM BREYTINGU:** *Aðalfundur eða almennur félagsfundur félaga sem ekki er skylt að kjósa endurskoðanda samkvæmt lögum þessum eða samþykktum sínum skal kjósa einn eða fleiri endurskoðendur, endurskoðunarfyrtæki eða skoðunarmenn ársreikninga.*

Varðandi breytingar á 2. og 16. gr. frumvarpsins telur ráðuneytið að æskilegt sé að skoða betur þessar tillögur í stærra samhengi. Ráðgerð er frekari endurskoðun á lögnum þar sem fulltrúar FLE verða boðaðir til og verður þetta tekið upp á þeim vettvangi.

*2 grein frumvarps:*

*c. Í stað 3 mgr koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:*

*Hafi ársreikningur verið endurskoðaður skal ársreikningurinn og áritun endurskoðanda mynda eina heild.*

**TILLAGA FLE UM BREYTINGU:** *Ársreikningur og áritun endurskoðanda mynda eina heild.*

*16 grein frumvarps:*

*a. 1 og 2 mgr orðast svo:*

*Endurskoðendur skulu endurskoða ársreikninginn í samræmi við lög um endurskoðendur.*

**TILLAGA FLE UM BREYTINGU:** *Endurskoðendur skulu árita ársreikninginn í samræmi við lög um endurskoðendur.*

